



## Fundargerð stjórnar SSA

### Fundur nr. 4 starfsárið 2013 – 2014

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 4. febrúar 2013 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á Salt, Egilsstöðum. Fundarstaður: Miðvangur 2-4, Egilsstöðum.

Mættir voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Vilhjálmur Jónsson, Þórunn Egilsdóttir, Unnur Björgvinsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

#### 1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundar SSA dags. 10. desember 2013. Fundargerðin samþykkt.
- b) Framkvæmdaráðs SSA dags. 7. janúar 2014. Fundargerðin samþykkt.
- c) Stjórnar Eyþings dags. 11. desember 2013. Stjórn SSA tekur undir mikilvægi þess að fulltrúar Eyþings og SSA fundi fljótlega, þar sem farið verði yfir sameiginlega hagsmuni landshlutanna. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar FV dags. 10. janúar 2014. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar Haust 114. Fundur. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### 2. Erindi til stjórnar SSA:

- a) Skarphéðinn Smári Þórhallsson framkvæmdarstjóri starfsstöðvar Mannvits á Egilsstöðum kynnti hugmyndir um hugmyndir um samgönguáætlun fyrir Austurlands.

#### 3. Umsagnir um frumvörp/þingsályktunartillögur:

- a) Um tillögu til þingsályktunar um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203. Mál. Ólafur Áki greindi frá því að hann hefði sent Umhverfis- og samgöngunefnd samþykkt aðalfundar SSA frá því í september sl. um fjarskiptamál.
- b) Um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, 250. mál. Málið verður til umræðu á fundi með innanríkisráðherra föstudaginn 7. febrúar nk. á Hótel Héraði. Samþykkt var að Arnbjörg Sveinsdóttir og Vilhjálmur Jónsson geri drög að umsögn og leggi fyrir stjórn SSA.
- c) Um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugum (fækkun umdæma og fl.) 251.mál. Málið verður til umræðu á fundi með innanríkisráðherra föstudaginn

7. febrúar nk. á Hótel Héraði. Samþykkt var Arnbjörg Sveinsdóttir og Vilhjálmur Jónssoni geri drög að umsögn og leggi fyrir stjórn SSA.
- d) Um frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (jöfnunargjald), 237. mál. Stjórnin telur mikilvægt að samtök sveitarfélaga á köldum svæðum fái frumvarpið til umsagnar.
  - e) Um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017, 256. mál. Stjórnin samþykkt að fela Gauta Jóhannessyni að gera drög að umsögn og leggja fyrir stjórn SSA.
  - f) Um tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnsýslu um málefni hreindýra til hreindýraráðs, 202. Mál. Samþykkt var að senda greinargerð um framkvæmd hreindýramála sem Ólafur Áki hefur tekið saman til umhverfis- og auðlindarráðherra og umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.
  - g) Farið var yfir viðbótaráætlungar við frumvarp til laga um fólksflutninga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 17. janúar sl. Samþykkt að taka undir umsögn Sambandsins.

#### **4. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands:**

- a) Samkvæmt nýjum samþykktum um Atvinnuþróunarsjóð Austurlands sem öll sveitarfélög á Austurlandi eru aðila að ber samkvæmt 4. grein að kjósa fimm manna stjórn á aðalfundi SSA. Stjón SSA tilnefnir því fimm manna stjórn fram að næst aðalfundi SSA sem haldinn verður í september 2014. Samþykkt var að óska eftir tilnefningum frá sveitarfélögunum á Austurlandi um stjórnarmenn í sjóðinn. Óskað er eftir því að tilnefningar berist skrifstofu SSA fyrir 25. febrúar nk.

#### **5. Menningarsamningur 2014:**

- a) Kynnt var ályktun menningarfulltrúa landshlutanna vegna vinnu við nýjan menningarsamning við ríkið.
- b) Farið var yfir athugasemdir menningarfulltrúa Austurlands við drög að menningarsamningi fyrir árið 2014.

#### **6. Samþykktir SSA:**

- a) Lögð fram drög að breytingum á samþykktum SSA, ásamt skýringum. Ólafur Áki fór yfir tillögur starfshóps að breytingum á samþykktum SSA.

#### **7. Bréf til stjórnar SSA frá:**

- a) Skipulagsstofnun um boð um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2026. Samþykkt að Gauti Jóhannesson verði fulltrúi SSA í samráðshópnum.
- b) Byggðastofnun um boð á ráðstefnu í Brussel 11. febrúar nk. Lagt fram tilkynningar.
- c) SSS um boð á sumarfund landshlutasamtakanna sem haldinn verður í Reykjanesbæ dagana 12.-13. júní nk. Lagt fram til kynningar.

- d) Byggðastofnun um framlög til atvinnuþróunar á árinu 2014. Hlutur Austurlands er 22 milljónir. Lagt fram til kynningar.
- e) Lagt fram bréf frá hreppsnefnd Borgarfjarðar eystri dags. 4. febrúar 2014 varðandi þjónustu HSA við íbúa Borgarfjarðar. Eftirfarandi samþykkt var gerð:  
Stjórn SSA tekur undir bókun hreppsnefndar Borgarfjarðar frá 3. febrúar 2014 og skorar á stjórn HSA og heilbrigðisyfirvöld að falla frá þeim áformum sem koma fram í bréfi stofnunarinnar um að starf hjúkrunarfræðings verði minnkað úr 60% í 40% frá og með 1. mars nk.

#### 8. Önnur mál:

- a) Formaður greindi frá fundi sem verður haldinn með framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands um verðlagningu flugfargjalda, á Hótel Héraði föstudaginn 7. febrúar nk.
- b) Mál frá framkvæmdaráðsfundi SSA 7. janúar sl. Ólafur Áki kynnti punkta sem teknir voru saman af hópstjórum í umræðum á borðum með fulltrúum Austurbrúar á aðalfundi SSA í september sl.
- c) Formaður fór yfir drög að samstarfssamningi milli SSA og Austurbrúar. Þá lagði formaður fram tillögu að greiðslum til Austurbrúar vegna þjónustu sem unnin er fyrir SSA fyrir árið 2013. Stjórnin samþykkti reikninginn.
- d) Rætt var um málefni Austurbrúar. Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdarstjóri Austurbrúar kom inn á fundinn og fór yfir málefni Austurbrúar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 17:45

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.